

þykir hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkjast, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdómin lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Jónas Jónasson greiði einnig allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1900:

W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Sigfúsi Eymundssyni.

D ó m u r:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, gengnum 1. nóv. f. á., var aðaláfrýjandi þessa máls, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð, dæmdur fyrir meiðandi ummæli um stefnda og gagnáfrýjanda, Sigfús Ey-

mundsson, í blaðinu »Reykvíkingur«, í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða Sigfúsi Eymundssyni 12 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir W. Ó. Breiðfjörð áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 23. nóvembermán. f. á., og krafist, að hann verði dæmdur sýkn saka, en Sigfúsi Eymundssyni gjört að greiða honum hæfilegan málskostnað, en til vara, að hann verði látinn sæta hinni lægstu sekt, sem lög leyfa.

Hinn stefndi, Sigfús Eymundsson, sem hefir gagnáfrýjað ofannefndum dómi með stefnu, dags. 14. jan. þ. á., hefir hins vegar krafist, að áfrýjandi verði dæmdur til að sæta fangelsi fyrir hin átöldu ummæli, eða til vara dæmdur í hina hæstu sekt er lög heimila, að hin átöldu og tilfærðu ummæli verði dæmd dauð og marklaus, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Mál þetta er risið út af grein einni í blaðinu »Reykvíking« X. árgangi, 8. tölubl., með fyrirsögn: »Kolakaupfélagsstjórn Reykjavíkur«, sem er undirskrifuð: »Útgefandi«, en aðaláfrýjandi er útgefandi nefnds blaðs. Þessa grein telur gagnáfrýjandi, sem er formaður kaupfélagsstjórnar Reykjavíkur, í heild sinni ærumeiðandi fyrir sig, og til nefnir sérstaklega nokkur ummæli, sem sé 1) »að óþektu mætti ætla, að stjórn þessi (það er kaupfélagsstjórnin) beitti engum lítilsvirðandi brögðum til þess að ná áformi sínu í kolakaupunum«; 2) »hitti eg Eymundssen á götunni og segir hann

þá, að þeir geti ekki tekið kolin hjá mér af þessu tvennu: að eg selji öðrum kolin með sama verði og félagi hans, og eg gefi kolastjórn hans ekkert extra fyrir að kaupa kol sín hjá mér«; 3) »hafi mér nokkurn tíma komið til hugar að snúa mér frá nokkrum með fyrirlitningu, þá hefir það án efa verið í þetta skifti«; 4) »Það álízt ef til vill of harður dómur af mér að segja, að varla muni eiga sér stað rótarlegri aðferð í viðskiftum en þetta«.

Yfirdómurinn verður að vera undirdómarau-um samdóma um, að hin átalda grein í heild sinni sé ekki meiðandi fyrir gagnáfrýjanda. En að því snertir hin sérstaklega átöldu ummæli í greininni, þá virðist klausa sú, sem nefnd er undir tölul. 1. hér að framan, fela í sér óvirðandi aðdróttun til gagnáfrýjanda. Orð þau, sem nefnd eru undir tölul. 2., eru meiðandi að því leyti, sem þau dróttu því að kaupfélagsstjórninni (gagnáfrýjanda), að lún áskilji sér aukapóknun fyrir sjálfa sig við innkaup fyrir félagið. Orðin undir tölul. 3. eru móðgandi, og svo er og um orðið *rótarlegur*, sem viðhaft er í klausunni undir nr. 4.

Aðaláfrýjandi hefir ekki í málinu fært rök að því, að hin óvirðandi og móðgandi ummæli og meiðyrði í hinni átöldu grein eigi við rök að styðjast, og kemst hann því ekki hjá að greiða sekt fyrir þau samkv. 219. gr. alm. hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 50 kr., er renni í landssjóð, en sé sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, á aðaláfrýjandi að sæta einföldu fangelsi í

12 daga. Með þessari breytingu ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóminn, einnig málskostnaðar-ákvæði hans. Svo verður og eftir kröfu gagnáfrýjanda að dæma dauð og ómerk framantalin meiðandi og móðgandi ummæli aðaláfrýjanda, og eftir þessum úrslitum verður hann að greiða málskostnað fyrir yfirdóminum, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð greiði 50 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 12 daga einföldu fangelsi, sé öll sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Hin óvirðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað á að vera óraskað. Áfrýjandinn W. Ó. Breiðfjörð greiði gagnáfrýjanda, Sigfúsi Eymundssyni, 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1900:

Valdimar Ásmundsson
gegn
Davíð Östlund.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi prentsmiðjueigandi Davíð Östlund gegn áfrýjandanum, ritstjóra blaðsins Fjallkonunnar, Valdimar Ásmundssyni, fyrir meiðyrði um sig í grein í téðu